

Vinastund I

Góður vinur



Umraeður:

- Ræða um hvað góðir vinir gera. Börnin sitja í hring, steinn eða hlutur látinn ganga. Sá sem heldur á steininum á orðið.
- Markmið stundarinnar er að útbúa sáttmála um samskiptareglur.

Leikur:

Tónlistastólar

Þetta er hinn hefðbundni stóladans með smá breytingu. Í stað þess að einhver verði úr þá eiga börnin að vinna saman og koma sér fyrir á stólunum t.d með því að sitja ofaná hvort öðru.

Verkefni:

Vinafáni

1. Efnisbútur eða blað (nógu stórt til þess að hver og einn nemandi geti skrifað nafnið sitt eða teiknað á litla mynd)
2. Góðir pennar eða tússlitir í mörgum litum.
3. Prik ef að þið ætlið að útbúa fána, einnig hægt að hengja upp á vegg.

Aðferð:

- Útbúið fánann með börnunum, skrifið á hann samskiptareglurnar sem börnin eru sammála um að hafa á fánanum.
- Hvert barn skrifar svo nafnið sitt eða teiknar litla mynd af sér á fánann (gangið úr skugga um það að hvert barn teikni eða skrifi á fánann til að minna á sig.
- Hengið fánann upp og hafið hann vel sýnilegan fyrir börnin.
- Einnig er hægt að semja visu eða lag um alla vinina í hópnunum

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og börnunum kynnt fyrir kveðjustundinni og fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa. Gott er að hafa mynd upp á vegg.



Knús



Handaband



Klesst'ann



Veifa



Vinastund 2

Umhyggja



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað er umhyggja?
- o Hvernig sýnum við umhyggju?
- o Hafið þið sýnt einhverjum í leikskólanum umhyggju?
- o Geta allir verið umhyggjusamir?

Leikur:

Láta Blæ bangsa ganga á milli barnanna með mikilli alúð og hlusta á lagið Sestu hérna hjá mér sem er á Blæ disknum (er einnig á spotify). Er hægt að gera það með lokuð augun?

Verkefni:

Vinasaga

Börnin búa til vinasögu og myndskreyta.

Einnig fara börnin með verkefni heim (sjá næstu blaðsíðu).

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Umhyggja

Börnin ætla að sýna umhyggju heima um helgina og skrifa
hvernig þau sýndu umhyggju á miðann. Við ætlum svo að lesa
miðana saman í leikskólanum



Umhyggja

Börnin ætla að sýna umhyggju heima um helgina og skrifa
hvernig þau sýndu umhyggju á miðann. Við ætlum svo að lesa
miðana saman í leikskólanum.



Vinastund 3

Styrkleikar mínir



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

o Eru allir góðir í öllu?

o Geta allir verið góðir í íþróttum, teikan eða mála?

o Hverjir eru styrkleikar mínir?

Leikur:

Ég er fráboær eins og ég er!

Þátttakendur sitja í hring. Hver og ein á að hugsa um eitt atriði sem er einstakt við sig. Einn byrjar og seggir frá því hvað þetta er. Ef það sem hann nefnir á við um fleiri, standa þeir upp og setjast á hann. Sá sem byrjaði verður nú að láta sér detta í hug eitthvað annað atriði sem er sérstakt við hann í von um að það eigi ekki við hina. Takist honum það losnar hann við þá sem settust á hann og sá næsti fær að reyna.

Verkefni:

Teikna mynd af sér að gera það sem maður er góður í

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesstann eða veifa

Vinastund 4

Hjálpsemi



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað er að leggja fram hjálpsemi?
- o hefur einhver rétt fram hjálparhönd í dag?
- o Hvernig getum við hjálpum öðrum?

Leikur:

Skógarálfarnir og tröllin

1-2 eru tröllinn. Hinir eru skógarálfar og svífa um í gleði og hamingju. Ef skógarálfur er klukkaður, stoppar hann og fer að gráta. Aðrir skógarálfar geta komið og frelsað hann með því að gefa honum gott knús. Eftir 1-2 mín er skipt um tröll.

Verkefni:

Hjálparhönd

Börnin teikna/mála hönd sína á blað og skreyta. Kennari spyr börnin hvernig við getum sýnt hjálpsemi og skrifar það hjá hjálparhöndinni.

Einnig fara börnin með verkefni heim
(sjá næstu blaðsíðu).

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Hjálpsemi

Börnin ætla að sýna hjálpsemi heima um helgina og skrifa hvernig þau sýndu hjálpsemi á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.



Hjálpsemi

Börnin ætla að sýna hjálpsemi heima um helgina og skrifa hvernig þau sýndu hjálpsemi á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.



Vinastund 5

Hrós



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

- Hvað er hrós?
- Hafið þið hrósað einhverjum í dag?
- Langar ykkur að hrósa einhverjum
- hérna inni? Hefur einhver hrósað ykkur í dag?

Leikur:

Að gefa öðrum gullmola:

Leikurinn felst í því að finna eitthvað jákvætt í fari hvers annars og hrósa hvert öðru.

Allir sitja í hring. Sá sem byrjar snýr sér að næsta manni og segir eitthvað fallegt við viðkomandi. Sá þakkar fyrir sig og snýr sér að næsta og segir eitthvað fallegt

við hann. Leiknum líkur þegar allir eru búnir að segja eitthvað fallegt við sessunautinn sinn. Hægt er að snúa svo hringnum við og endurtaka leikinn. Gott er að minna börnin á að segja eitthvað persónulegt um mannkosti en ekki útlit.

Að gefa sjálfum sér gullmola:

Þessi leikur er eins og sá fyrri nema í þetta skipti gefa börnin sér sjálfum gullmola. Sá sem byrjar segir t.d. „ég er frábær af því að ég er svo góðir við krakka“ þá

svarar hópurinn „við erum sammála“ og þannig gengur það koll af kolli þar til allir eru búnir

Verkefni:

Skriða gullmolann um sjálfan sig í vinabókina.

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Vinastund 6

Sanngjarni



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað þýðir það að vera sanngjarn?
- o Getur alltaf allt verið sanngjarnt?
- o Hvað þýðir það þegar eitthvað er ósanngjarnt
- o Til að geta verið sanngjarn við aðra þarf maður að hlusta á þá og setja sig spor þeirra

Leikur:

Krakkarnir fara í búðina:

Nota stærðfræði, vera með kubba eða eitthvað annað sambærilegt. Segja sögu eins og t.d.

Siggi á 10 epli, hann ætlar að gefa Siggu með sér.... Siggga fær 3 epli en Sigggi fær 7 epli..... er það sanngjarnt? af hverju? / af hverju ekki?

Davið fékk pening til að fara út í sjoppu og kaupa nammi. María vinkona hans fékk engan pening og labbaði með Davið í sjoppuna. Davið leyfði Maríu ekki að fá nammi með sér..... er það sanngjarnt? af hverju? / af hverju ekki?

Verkefni:



Börnin teikna mynd af Davið og Maríu á blað. Allir fá blað með myndum á sem þau eiga að klippa út og líma á blaðið og skipta jafnt á milli þeirra.

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Sanngirni - klippiverkefni





Vinastund 7

Grín eða stríðni?



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

o Hvað er grín?

o Hvað er stríðni?

o Getur það gerst að maður ætlar að grínast en það verður óvart stríðni?

o Hvernig liður okkur þegar einhver er að stríða okkur?

Grín er að segja fyndna hluti eða gera grikk til að láta aðra fara hlæja. Allir hlæja og finnst grínið fyndið. Þegar við gerum grín ætlum við ekki að særa neinn eða vera vond við einhvern og látum þeim ekki liða illa.

Stríðni er að gera grín að einhverjum með því að segja eitthvað særandi eða illgjarnnt jafnvel á glaðlegan hátt. Viðkomandi verður sár og leiður og fer jafnvel að gráta.

Leikur:

Knús eltingaleikur:

Einn til þrír elta (fer eftir stærð hópsins) og eru skrimslin. Hinir eru álfarnir sem eru svífandi um og gleði og hamingju. Ef að álfur er klukkaður fer hann að gráta þá geta aðrir álfar komið og frelsað hann með því að gefa honum gott knús. Eftir 1-2 mín er skipt um skrimslu.

Verkefni:

Börnin strika eftir litla Blæ á blað, skreyta hann og lita.


Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Vínastund 8

Að fylgja fyrirbællum



Umraedur:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað eru fyrirbæli?
- o Hvernig fer maður eftir fyrirbællum?
- o Er maður að sýna virðingu ef maður fer ekki eftir fyrirbællum?

Leikur:

Símon segir:

Kennarinn er stjórnandinn og allir hinir eiga að gera það sem hann segir. Leikurinn gengur út á það að þátttakendur eigi að gera allt sem stjórnandinn segir, en bara ef að hann segir „Símon segir“

Verkefni:

Teikna eftir fyrirbællum:

Kennarinn segir börnunum hvað eigi að teikna og hvar það eigi að vera á blaðinu. Einnig væri hægt að leyfa hverju og einu barni að segja hvað eigi að teikna og hvar.

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesstann eða veifa



Vinastund 9

Samvinna



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað er samvinna?
- o Hvernig vinnum við saman?
 - o Hvernig getum við leyst vandamál í sameiningu?
- o Hvernig sýnið þið samvinnu heima?
- o getur maður gert allt einn?

Leikur:

Hákarlinn í vatninu:

Afmarka þarf svæði á gólfinu sem eyju. Hægt er að nota karton, maskinupappír, húllahring eða kaðal. Eyjarnar eru öruggar fyrir hárkörlunum sem synda í sjónum í kring. Leikurinn er útskýrður þannig að hópurinn er að synda í vatninu en svo þegar kennarinn segir „Hákarlarnir eru að koma!“ þurfa allir að koma sér upp á eyjurnar. Þetta er samvinnuleikur þannig að allir eiga að hjálpast að og er markmiðið að allir bjargist. Reglurnar eru að enginn líkamspartur má snerta gólfið, það má standa á tām eða vera á tveimur eyjum í einu, halda á hvort öðru eða annað sem að þeim dettur í hug. Fyrst eru nógu margar eyjur svo ferkar auðvelt er að komast fyrir á þeim. Svo fækka eyjunum eftir hvert skipti og verkefnið verður erfiðara og erfiðara. Mikilvægt er að kennarinn sé þolinmóður og sé ekki að gripa inn í með lausn heldur leyfa hópnum að finna út úr því saman. Gott er að stoppa inn á milli og hvetja börnin til þess að ræða málín og leita lausna. Einnig er gott að stoppa og spurja þau hvernig samvinnan gangi, hvort að allir séu að hjálpast að, hvort að allir séu vingjarnlegir við aðra o.s.frv.

Verkefni:

börnin með verkefni heim (sjá næstu blaðsíðu).

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa





Samvinna

Hvernig sýnum við samvinnu heima? Hjálpið börnunum að skrifa það á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.



Samvinna

Hvernig sýnum við samvinnu heima? Hjálpið börnunum að skrifa það á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.



Vinastund 10

Virðing



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað er virðing?
- o Hvernig getum við sýnt öðrum virðingu?
- o Hvað er óvirðing?

Leikur:

Hvísluleikur:

Allir sitja í hring og einn hvíslar einu orði í eyrað á næsta, svo hvíslar hann til næsta og koll af kolli þar til orðið er komið hringinn og sá sem er síðastur segir orðið upphátt.

Verkefni:

Börnin velja sér dót eða hlut í leikskólanum og segja frá af hverju þau völdu þennan hlut/dót. Kennarinn tekur svo tvö og tvö börn upp í einu og spyr þau af hverju finnst þeim þessi hlutur mikilvægur/merkilegur/skemmtilegur. Síðan eiga börnin að æfa sig að spyrja félagan sinn: Má ég fá.....? og svo skiptast þau á hlutum. Eftir það segja þau frá hluti félagsins og skila honum svo aftur.

Einnig fara börnin með verkefni heim (sjá næstu blaðsíðu).

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Virðing

Börnin ætla að sýna virðingu heima um helgina og skrifa hvernig þau sýndu virðingu á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.




Virðing

Börnin ætla að sýna virðingu heima um helgina og skrifa hvernig þau sýndu virðingu á miðann. Við ætlum svo að lesa miðana saman í leikskólanum.



Vínastund II

Þrautsegja



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

o Hvað er þrautsegja?

o Getið þið nefnt dæmi þar sem þið hafið sýnt þrautsegju?

Leikur:

Hjálp!

Börnin hreyfa sig um svæðið með pappír eða grjónapoka á höfðinu. Ef það dettur er barnið frosið og verður að standa kyrrt. Annað barn getur svo snert frosna barnið til að frelsa það. Þá sækja þau pappírinn/grjónapokann setja hann á höfuðið og halda áfram.

Verkefni:

Ísmolaáskorun!

Þetta þarf að undirbúa nokkrum dögum áður! Skiptið hópnum upp í 2-3 manna hópa. Hver hópur fær ísmola með krónu eða öðrum smáhlut sem er til innan í. Markmiðið er að vera fyrsti hópurinn til að ná hlutnum úr klakanum, en án þess að setja klakan í munninn, lemja honum í hluti eða lemja hann með hlutum!

í lokinn:

o Var erfitt að ná hlutnum úr klakanum? af hverju? af hverju ekki?

o vilduð þið gefast upp? af hverju? af hverju ekki?

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa



Vínastund 12

Að öllum líði vel



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

o Hvernig líður okkur í dag?

o Hvað getum við gert svo að öllum líði vel?

o Þarf manni alltaf að líða vel?

o Hvað getum við gert ef að einhverjum líður illa?

Leikur:

Hvað eigum við að gera í dag?

Fáið hópinn til þess að velja í hvaða leik þið ætlið að fara í. Passið að allir séu sammála. Líður öllum vel með valið? Ef ekki, hvað getum við gert svo að allir séu sáttir?

Verkefni:

Töfrasprotinn:

Markmiðið er að finna atriði sem eru mikilvæg til að öllum líði vel. Æfingin virkar þannig að hver og einn fær að segja:

„ef að ég ætti töfrasprotu myndi ég..... til þess að öllum líði vel á deildinni“.

Kennarinn getur komið með hugmyndir eins og t.d „ef að ég ætti töfrasprotu mundi ég bæta, laga, passa, hjálpa, ákveða til þess að öllum líði vel á deildinni“.

Getur verið gaman að hafa töfrasprotu sem gengur á milli.

Kennari skráir niður á blað, gæti hengt það upp á vegg inni í fataherberginu.

Börnin teikna svo töfrasprotu á blað og kennarinn hjálpar þeim að skrifa .


Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesstann eða veifa



Vinastund 13

Hvað eigum við sameiginlegt?



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvað eigum við sameiginlegt?
- o Er eitthvað sem við eigum ekki sameiginlegt?
- o Þurfa allir að vera eins?

Leikur:

Yfir línuna:

Kennarinn teipar línu á golfið eða nota band eða eitthvað annað samboerilegt. Börnin standa í einni röð við línuna, hlið við hlið. Kennarinn spyr: Allir þeir sem eiga gæludýr mega fara yfir línuna. Kennarinn getur spurt börnin t.d. hvernig gæludýr átt þú? Svo fara þau aftur til baka og kennarinn spyr eitthvað nýtt.

Hugmyndur að spurningum:

1. Allir sem borða ekki nammi.
2. Allir sem eru í rauðum sokkum.
3. Allir þeir sem drasla aldrei til í herberginu sínu.
4. Allir sem borða ís.
5. Allir sem eru í þessum leikskóla.
6. Allir þeir sem eiga systkini.
7. Allir sem eru elstir.
8. Allir sem eiga tvær fjölskyldur.

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesstann eða veifa

